



Fundargerð

Umdæmisstjórn hittist 27.6.2023 kl.17:00 heima hjá umdæmisstjóra til að fara yfir og skoða ýmiss gögn sem IW umdæminu fylgir, en þetta eru margir kassar og töskur.

Sumt af þessum gögnum virðist ekkert varðveislugildi hafa og ákváðum við að eyða því, en gögn sem okkur þótti ástæða til að geyma tók gjaldkeri að sér að fara með á Héraðsskjalasafn Árnesinga og fá leiðbeiningar um hvernig best væri staðið að varðveislu þeirra.

Umdæmisstjóri er komin með aðgang til að setja efni inn á IW vefinn og er stefnt að því að skanna og setja inn á heimasíðuna ársskýrslur umdæmisins sem varðveist hafa, en ekki geyma þær lengur í pappíriformi. Önnur eldri gögn sem þarf að hafa greiðan aðgang að fara einnig á heimasíðuna.

Umdæmisstjórn stefnir að því að ekki fylgi hverjum stjórnarmanni meiri gögn en sem nemur því sem kemst fyrir í rúmgóðum skjalatöskum í eigu IW umdæmisins, annað verði vistað á heimasíðu eða í viðurkenndu skjalasafni.

Ræddum um hátíðarfána IW, en fótur undir fánann hefur glatast. Nýr fótur kostar um kr.19.500 og verður keyptur áður en nota þarf fánann næst.

Ákveðið að hittast næst á fundi í ágúst til að undirbúa starfið í vetur og skipuleggja heimsóknir umdæmisstjórnar í alla klúbba IW umdæmisins á Íslandi.

Fleira ekki gert og fundi laum um kl.19:15

Jóhanna Róbertsdóttir